

36. sveitarstjórnarfundur Fljótsdalshrepps, aukafundur 12.12 2016, Végarði kl. 13.30

Mættir voru Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson, Þorvarður Ingimarsson og einnig var mætt Anna Bryndís Tryggvadóttir 3. varamaður , í stað Eiríks Kjerúlfs sem boðaði forföll.

Oddviti setti fund og byrjaði á að minnst Sr. Bjarna Guðjónssonar fyrrverandi sóknarprests á Valþjófsstað í fáeinum orðum.

Dagskrá

1. Fjárhagsleg málefni

- a) Tveir úrskurðir Yfirfasteignamatsnefndar dags. 30.11 2016.
- b) Önnur fjárhagsleg málefni.

2. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2017 og 2018-2020 , síðari umræða

3. Fjárbeiðnir

- a) N4-Að austan
- b) Jólasjóðurinn 2016
- c) ÚÍA , Snæfell

4. Fundargerðir

- a) Ársalir 10.11 2016
- b) Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 03.11 2016
- c) Stjórn Skólaskrifstofu Austurlands 04.11 2016
- d) Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands 04.11 2016, ásamt ársskýrslu 2015-2016
- e) Svæðisskipulagsnefnd SSA 08.11 2016
- f) Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans 07.11 2016
- g) Aðalfundur HAUST 02.11 2016
- h) Félagsmálanefnd 16.11 2016

5. Skýrsla oddvita

6. Önnur mál

1. Fjárhagsleg málefni

- a) Tveir úrskurðir Yfirfasteignamatsnefndar dags. 30.11 2016.

Úrskurðarorð yfirfasteignamatsnefndar eru annarsvegar „ Fasteignaskattur vegna vatnsréttinda kæranda í Fljótsdalshreppi, sem nýtt eru í þágu Kárahnjúkavirkjunar, jafnt utan sem innan þjóðlendu, skal ákvarðaður samkvæmt a-lið 3.mgr 3. gr laga nr. 4/ 1995 um tekjustofna sveitarfélaga.“ Og hinsvegar „Kæru Landsvirkjunar, dags 22. apríl 2016, vegna

mats vatnsréttinda sem nýtt eru vegna Kárahnjúkavirkjunar í Fljótsdalshéraði og Fljótsdalshrepp, samkvæmt ákvörðun Þjóðskrár Íslands, dags 28. desember 2015, er vísað frá Yfirfasteignamatnefnd.“

Úrskurðirnir kynntir og verða teknir til frekari umræðu síðar.

b)

Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2016

Í fræðslu-og uppeldismálum er samþykktur kostnaðarauki vegna leikskóla, 3 millj.

Í atvinnumálum er samþykktur kostnaðarauki vegna styrkja til BFF og Skógarafurða , 3 millj.

Í menningarmálum hefur verið samþykkt að hækka styrkjalið vegna styrks til orgelkaupa í Valþjófsstaðakirkju, 1 millj.

Í brunamálum og almannavörnum er samþykkt að hækka framlög um 700 þús vegna launahækkana og aukaframlags til tækjakaupa.

Í hreinlætismálum er samþykkt að hækka framlög um 500 þús vegna lagfæringa á vatnsbóli á Skriðuklaustri

Í umhverfismálum hækkar kostnaður við liðinn „Hengifoss „ þar sem ekki fékkst styrkur úr Framkvæmdasjóði ferðamanna til framkvæmda, 3 millj

Í eignasjóði hækkar rekstrarkostnaður í Fjallaskarði um 1 millj vegna samþykkrar greiðslu til rekstraraðila skálans , kostnaður féll til á síðasta ári en greiðsluuppgjör var 2016..

Vegna úrskurðar Yfirfasteignamatnefndar um álagningarprósentu á vatnsréttindi, eru áætlaðar skatttekjur lækkaðar um 7 millj.

Hækkun á kostnaði og tekjulækkun ofangreindra liða er mætt með lækkun á handbæru fé.

Vegna niðurfærslu innri lána í ársreikningi 2015, núllast út liðir þeim viðkomandi í fjárhagsáætlun 2016

Innri lán

Endurskoðandi sveitarfélagsins hefur komið með ábendingar til sveitarstjórnar um að til lengri tíma litið væri ætlast til að Eignasjóður og B hluti verði reknir án neikvæðrar niðurstöðu og að eðlilegt væri að líta til innri leigu eigna til að brúa það bil a.m.k að einhverju leyti. Eignir hafa ekki allar borið innri leigu hingað til.

Sveitarstjórn samþykkir að innri leiga, sem samsvari fyrningum verði færð á fastafjármuni sveitarfélagsins. Hvað varðar eignir sem leigðar eru út til gistireksturs , verður innri leiga mismunur á fyrningum og leigutekjum þ.e. innri leiga komi til nái leigutekjur ekki að mæta afskriftum að fullu. Þá verði færð framlög úr aðalsjóði yfir í eignasjóð og B hluta til að mæta tapi þeirra sjóða, þurfi þess með .

2. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2017 og 2018-2020 , síðari umræða.

Áætlanirnar ræddar, bornar upp og samþykktar samhljóða.

Áætlanir gera ráð fyrir jákvæðum rekstri öll árin. Fjárhagsleg viðmið sem sveitarfélögum eru sett þ.e. varðandi jafnvægisreglu og skuldareglu eru uppfyllt. Helsta fjárfesting ársins 2017 eru áætluð kaup á starfsmannahúsi við Laugarfell og endurbætur á húsinu.

3. Fjárbeiðnir

- a) N4-Að austan. Samþykkt kr. 250 þús til styrktar sjónvarpsstöðinni við að halda úti þáttaröðinni Að austan.
- b) Jólasjóðurinn 2016. Hafnað.
- c) ÚÍA , Snæfell. Samþykkt að kaupa sveitarfélagsmerki í blaðið kr. 13.000-

4. Fundargerðir

- a) Ársalir 10.11 2016. Kynnt.
- b) Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 03.11 2016. Kynnt.
- c) Stjórn Skólaskrifstofu Austurlands 04.11 2016. Kynnt
- d) Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands 04.11 2016, ásamt ársskýrslu 2015-2016. Kynnt
- e) Svæðisskipulagsnefnd SSA 08.11 2016. Kynnt
- f) Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans 07.11 2016. Kynnt.
- g) Aðalfundur HAUST 02.11 2016. Kynnt.
- h) Félagsmálanefnd 16.11 2016. Kynnt.

5. Skýrsla oddvita.

Fljótsdæla , bók Helga Hallgrímssonar er komin út og var kynnt á Skriðuklaustri sunnudaginn 4. desember. Bókin er enn eitt stórvirki höfundar , ríkulega myndskreytt og hefur að geyma ómetanlegar heimildir um náttúrfar og mannlíf í Fljótsdal. Fljótsdalshreppur styrkti útgáfu bókarinnar og í tilefni af útgáfunni hefur öllum heimilum í sveitinni verið fært gjafaeintak af bókinni.

Austurbrú kynnti Áfangastaðaverkefnið í Végarði 28. október. Einnig stóð Austurbrú fyrir málstofu (Þekkir þú þína mjólkurkú) um ferðapjónustu , í Végarði 23. nóvember. Málstofan var vel sótt og áhugaverð.

Dómnefnd um tillögur í hönnunarsamkeppni á Hengifossvæðinu mun innan skamms hefja störf við að fara yfir tillögur, en alls bærust 12 tillögur.

Gengið hefur verið frá uppgjöri vegna sölu á mannvirkjum Hallormsstaðaskóla og afsal gefið út.

Samkvæmt upplýsingum frá Austurbrú hefur Diskover the world tekið þá ákvörðun að fljúga ekki á Egilsstaði yfir sumarið 2017. Fyrirtækið mun áfram selja Austurland og stýra þökkum í gegnum Keflavík með WOW og Icelandair. Einnig eru í skoðun vetrarflug fyrir skólahópa í febrúar 2018.

Samband íslenskra sveitarfélaga hvetur sveitarfélög til að hraða gerð húsnæðisáætlana á grundvelli laga um almennar íbúðir, enda eru slíkar áætlanir hugsaðar sem stjórnþæki fyrir sveitarfélögin.

Orkusalan hefur afhent Fljótsdalshreppi að gjöf rafmagnshleðslustaur, gjöfin er hluti af verkefni Orkusölnunnar sem felur í sér að færa öllum sveitarfélögum á landinu hleðslustaura.

6. Önnur mál.

- a) Eftir umræðu um hvernig horfi með með búskap og fasta búsetu í Fljótsdal t.d. m.t.t hækkunar á meðalaldri íbúa, var samþykkt að óska eftir við Byggðastofnun að hún komi til samstarfs við Fljótsdalshrepp í byggðaþróunarverkefni.
- b) Arðskrá hreindýraveiða liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins til 16. des.
- c) Næsti fundur verður 10. janúar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl 18.00

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfisdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Bryndís Tryggvadóttir (sign)